

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Vatnsveitu Kópaskers nr. 114
7. febrúar 1977.

1. gr.

12. gr. orðist svo.

Fyrir önnur vatnsafnot skal greiða sem hér segir:

	kr.
1. Fyrir hvern stórgrip, sem inni er að vetri	20,00
2. Fyrir hverja sauðkind, sem inni er að vetri	1,35
3. Fyrir hverja sauðkind, sem slátrað er í sláturhúsi	1,35
4. Fyrir hvern stórgrip, sem slátrað er í sláturhúsi	6,80
5. Fyrir hvert kg af frysri rækju, framleiddri í rækjuverksmiðju	1,00

Fyrir önnur vatnsafnot, hverju nafni sem nefnast, skal greiða eftir samkomulagi við yfirstjórn vatnsveitunnar.

2. gr.

13. gr. orðist svo:

Fyrir vatn til skípa greiðist kr. 340,00 fyrir hverja smálest, en minnsta gjald skal vera kr. 340,00 fyrir fiskiskip og kr. 680,00 fyrir önnur skip.

Gjöld skv. 12. og 13. gr. breytast skv. breytingum þeim sem verða á vísitölu byggingarkostnaðar (nú 200 stig).

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Presthólahrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnslögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 12. júní 1985.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 247

7. júní 1985

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Listasafns Sigurjóns Ólafssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. júní 1985.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Listasafns Sigurjóns Ólafssonar.

1. Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Listasafns Sigurjóns Ólafssonar.
2. Hlutverk sjóðsins er m. a. að styðja og styrkja eftirfarandi:
 - a) Uppbyggingu og rekstur Listasafns Sigurjóns Ólafssonar.
 - b) Rannsóknir, sýningar og kynningar á verkum Sigurjóns.
 - c) Skráningu verka Sigurjóns og myndatöku af verkunum.

- d) Útgáfustarfsemi um verk og ævistarf Sigurjóns.
- e) Umhverfisvernd.

Tekjum sjóðsins skal varið til að vinna að framangreindum markmiðum skv. ákvörðun sjóðstjórnar hverju sinni eftir efnum og ástæðum sjóðsins.

3. Stofnfé sjóðsins er kr. 10 000,00, sem aldrei má skerða. Fé sjóðsins og aðrar eignir skal ávaxta á þann hátt sem sjóðstjórn ákveður hverju sinni.
4. Tekjur sjóðsins eru: Gjafafé, arður af stofnfé og öðru fé og eignum sem sjóðnum kann að áskotnast. Stjórnunarkostnaður greiðist af tekjum sjóðsins.
5. Stjórn sjóðsins skipa þrír menn til fimm ára í senn. Fyrstu stjórnarmennirnir skulu tilnefndir af stofnanda sjóðsins, Birgittu Spur, Laugarnestanga 70, Reykjavík. Stjórnarmenn ganga úr stjórn á fimm ára fresti, þó þannig að úr hinni fyrstu stjórn sjóðsins gengur einn úr stjórn eftir fimm ár, næsti eftir tíu ár og hin þriðji eftir fimmtán ár samkvæmt hlutkesti, en hverju sinni sem stjórnarmaður gengur úr stjórn skulu þeir sem eftir sitja í stjórninni tilnefna stjórnanda í hans stað. Stjórnarmenn, sem ganga úr stjórn sjóðsins má tilnefna að nýju. Greini stjórnarmenn á um tilnefningu stjórnarmanns tilnefnir dómsmálaráðuneytið stjórnarmann. Stjórn sjóðsins kys formann sjóðstjórnar og skiptir að öðru leyti með sér verkum.
6. Sjóðstjórn semur reikninga sjóðsins árlega. Skal reikningsskilum lokið fyrir 1. júlí næsta ár á eftir reikningsári. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Einfaldur meirihluti ræður ákvörðunum innan sjóðstjórnarinnar. Greiða má hæfilega þóknun til stjórnarmanna.
7. Skipulagsskrá þessari má breyta ef það telst óumflýjanlegt vegna breyttra aðstæðna, enda séu allir stjórnarmenn því samþykkir. Aldrei má þó breyta 2. gr. skipulagsskrárinnar um megin tilgang sjóðsins.
8. Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Nr. 248

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups varðandi beiðni um breytingu á sóknarmörkum milli Staðastaðarsóknar og Búðasóknar í Staðastaðarprestakalli í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi.

„Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, háæruverðugi herra, dags. 16. apríl sl., þar sem lagt er til að breyting verði gerð á sóknarmörkum milli Staðastaðarsóknar og Búðasóknar í Staðastaðarprestakalli í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi.

Samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 35/1970 um skipun prestakalla og prófastsdæma og um Kristnisjóð og með samþykki héraðsfundar og viðkomandi sókna, samþykkir ráðuneytið að eftirfarandi breyting verði gerð á mörkum Staðastaðarsóknar og Búðasóknar: Að bæirnir Hlíðarholt, Bøðvarsholt, Kálfárvellir, Hólkot og Bjarnafoss, er hingað til hafa tilheyrt Staðastaðarsókn tilheyri framvegis Búðasókn.

Við álagningu sóknargjalda fyrir árið 1985 ber að miða við ofangreinda breytingu.

Yður tilkynnist þetta til frekari birtingar.“